

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Dyrhólaey í Mýrdalshreppi.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlinda-ráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Dyrhólaey í Mýrdalshreppi. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013:

1. gr.

Ekki er heimilt að hafa næturdvöl innan hins friðlýsta svæðis.

2. gr.

Ekki er leyfilegt að lenda þyrlum og flugvélum innan friðlandsins og notkun fjarstýrðra loftfara, s.s. flygilda, er einnig bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012, og þær stofnanir sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum.

3. gr.

Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar og samkomuhalds. Stofnuninni er heimilt að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt.

4. gr.

Óheimilt er að fara á hrossum utan vega.

5. gr.

Hjólreiðar eru einungis heimilar á vegum.

6. gr.

Gæludýr skulu höfð í taumi og höfð undir tryggri stjórn þannig að þau truflfi síður dýralíf og gesti.

7. gr.

Umhverfisstofnun getur takmarkað umferð tímabundið á viðkvæmum svæðum þar sem hætta er á jarðvegsrofi og gróðurskemmdum eða vegna truflunar á fuglalífi.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur úr gildi verndar- og stjórnunaráætlun fyrir Dyrhólaey í Mýrdalshreppi frá október 2014.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 20. september 2021.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.